

Minnisblað

Til: Menningarmálanefnd
Frá: Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi
Dags. 18. maí 2021
Mnr. 2021050059



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - hátíðarhöld breyting

Á deildina 05720 Aðrar hátíðir hefur í gegnum tíðina verið haldið utan um eftirfarandi hátíðir og kostnað:

- 17. júní
- Veturnætur
- Aldrei fór ég suður
- Hlaupahátíð
- Dýrafjarðardagar
- Sjómannadagurinn
- Jól og áramót
- 1. des
- Stútungur

Á deildina 06720 Íþróttahátíðir hefur verið haldið utan um eftirfarandi hátíðir og kostnað:

- Skíðavika
- Fossavatn
- Hlaupahátíð

Reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 fjallar sérstaklega um það hvernig meðhöndla á kostnað vegna hátíðarhalda í bókhaldi sveitarfélaga. Þar segir „**057 Hátíðarhöld**: hér flokkast kostnaður vegna hátíðarhalda, svo sem þjóðhátíðar 17. júní, afmælishátíðar sveitarfélags, sumar- og Jónsmessuhátíðar, kostnaður við áramóta- og þrettándabrennur og annarra hátíða á vegum sveitarfélags.“ Þarna er því alveg skýrt tekið fram að á þessa deild sé einungis skráður kostnaður vegna hátíða á vegum sveitarfélags.

Kostnaður vegna hátíða sem ekki er á vegum sveitarfélagsins skal því flokka sem styrki og bókast á þann málaflokk eða deild sem hægt er að heimfæra hann á. Mikilvægt er að gæta þess að ef sveitarfélagið leggur út í kostnað við verkefni/hátíðir sem ekki eru á þess vegum sé viðkomandi félag rukkað fyrir þann kostnað. Félagið sendir svo reikning vegna þess styrks sem samþykktur var, þá með vísan í greiddan reikning.

Þegar reglugerðin er skoðuð varðandi flokkun á málaflokknum **06 Æskulýðs- og íþróttamál** varðandi skiptingu kostnaðar á deildir, þá kemur þar fram að þarna eigi að flokkast kostnaður við tómsundarstarf barna og unglinga, rekstur félagsmiðstöðva og æskulýðsheimila, íþróttasvæða, íþróttahúsa og sundlauga, skautahalla og fleira þ.h. Styrkir til æskulýðs- og íþróttafélaga flokkast einnig hér sem og kostnaður við vinnuskóla, leikvelli og sparkvelli. Þegar þeir flokkar sem falla undir málaflokkinn eru skoðaðir kemur í ljós að enginn flokkur er skilgreindur fyrir íþróttahátíðir. Einungis er flokkur 068 Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála

þar sem segir „hér eru færðir styrkir til félaga og samtaka sem hafa æskulýðs- og íþróttamál á stefnuskrá sinni.“. Þarf því að horfa til þess þegar lagt er mat á hvort styrkir til t.d. Fossavatns og Hlaupahátíðar falli undir þennan flokk.

Þeir styrkir sem ekki verða heimfærðir á aðra málaflokka eða rekstrareiningar skal bóka á 218 Ýmsir styrkir og framlög skv. reglugerðinni.

Eftir yfirferð á reglugerðinni og endurmat á rétttri flokkun og skilgreiningu kostnaðar eru eftirfarandi breytingar lagðar til í áætlunarvinnu 2022.

1. Deildin 05720 Aðrar hátíðir verði endurskírð í samræmi við reglugerðina og fái nafnið „**05720 Hátíðarhöld**“
2. Deildin **06720 Íþróttahátíðir** verði lögð niður
3. Á deildina 05720 verði einungis áætlað fyrir kostnaði vegna **hátíðarhalda á vegum sveitarfélagsins**, þ.m.t. Skíðavíkuna.
4. Að sveitarfélagið leggi ekki út fyrir kostnaði fyrir hönd þriðja aðila heldur sé alltaf rukkað fyrir slíkan kostnað og félögunum leiðbeint með að **senda inn reikning** fyrir þeim styrk sem samþykktur hefur verið.
5. Að styrkir vegna hátíðarhalda á vegum annarra en sveitarfélagsins séu áætlaðir á þá **málaflokka og deildir sem hægt er að heimfæra þá á**, svo sem:
 - a. 02 8 Ýmsir styrkir og framlög til félaga og samtaka sem hafa lýðhjálp hvers konar á stefnuskrá sinni.
 - b. 04 8 Ýmsir styrkir og framlög sem teljast til fræðslu- og uppeldismála.
 - c. 05 8 Ýmsir styrkir og framlög félaga og samtaka með menningarmál á stefnuskrá sinni.
 - d. 06 8 Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála.
 - e. 07 8 Ýmsir styrkir og framlög til félaga og samtaka sem hafa slysavarnir og hjálparstörf á stefnuskrá sinni.
 - f. 08 8 Ýmsir styrkir og framlög vegna hreinlætismála
 - g. 09 8 Ýmsir styrkir og framlög vegna skipulagsmála og mannvirkjamála
 - h. 10 8 Ýmsir styrkir og framlög vegna gatnakerfis og umferðarmála
 - i. 11 8 Ýmsir styrkir og framlög til aðila sem sinna umhverfismálum
 - j. 13 8 Ýmsir styrkir og framlög vegna atvinnumála í sveitarfélaginu og vegna uppbyggingu ferðamannaþjónustu, tjaldsvæða og almenningssalerna.
 - k. 21 8 Ýmsir styrkir og framlög sem ekki verða heimfærðir á aðra málaflokka eða rekstrareiningar.